



Reykjavík 29.03.2021

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 24. mars 2021 varðandi eftirfarandi mál.

Kjalarnes, Árvellir

Lögð fram umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Árvalla á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Árvalla er breytt, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, þannig að skipulagsmörk sem snúa að vesturlandsvegi færast í átt að Esjunni um 8-13 metra, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021.


*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Visað til borgarráðs.*

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri og Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir deildarstjóri ásamt Önnu Elínu Jóhannsdóttur og Rúnu Ásmundsdóttur frá Vegagerðinni taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.


F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir


Fylgiskjal: uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021.



Gildandi deiliskipulag Árvalla samþykkt 20.06.2000, breytt 06.07.2018, mkv 1:2000



Tillaga að breytingu deiliskipulags Árvalla mkv. 1:2000



Hluti gildandi aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, samþykkt 24.02.2014

- Skýringar
- Mörk deiliskipulagsbreytingar
 - Ný mörk skipulagssvæðis Árvalla
 - Gildandi skipulagsmörk Árvalla

Greinargerð

Markmið: Vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar er afmörkun deiliskipulags Árvalla breytt þannig að skipulagsmörk sem snúa að Vesturlandsvegi færast í átt að Esjunni um 8-13 metra.

Ástæða breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar er að vegna aðstæðna í landi nær breikkun Vesturlandsvegar yfir stærra svæði en gert var ráð fyrir í upphafi. Hliðarvegur og reiðleið færast því einnig í átt að Esjunni. Auk þess er verið að bæta við möguleika á að hafa sér göngustíg í stað þess að gönguleiðin verði á vegöxlinni, eins og áður var gert ráð fyrir.

Skipulagsmörkin ná yfir rúmlega 8,5 ha.

Að öðru leiti er vísað í greinargerð deiliskipulagsins samþykkt 20.06.2000 og síðari breytingu frá 06.07.2018.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____ 20__ og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdarfresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

Árvellir – Kjalarnesi			
Deiliskipulagsbreyting – Tillaga			
Breyting á skipulagsmörkum			
KVARDI-A3:	1:2000	TEIKN NR:	
DAGS:	08.03.2021	HANNAÐ:	
FLOKKUR:	0000--reyk--A	TEIKNAD:	HN
SKRÁ:	21017--Árvellir--dskbr.dwg	VERKNR:	21017

